

Nd.

424. Frumvarp til laga

[200. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

91. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. apríl árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að rétttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtt eða skrásetningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, enda fellur endurgreiðsluréttur niður.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa þungaskatt af bifreiðum sínum eða bifhjólum fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá þann skatt dreginn frá þungaskatti, sem þeim ber að greiða fyrir skattárið 1964, samkvæmt lögum þessum, eða fá hann endurgreiddan, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samgöngumálaráðherra hefur óskað þess, að samgöngumálanefnd flytti frumvarp þetta. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, eru ákveðnir þeir föstu tekjustofnar, sem standa eiga undir kostnaði við vegamálin. Meðal þeirra er s.n. þungaskattur, en samkvæmt 87. gr. vegalaga er hann óbreyttur af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, og af bifhjólum, en allmiklu hærri en áður var af diesalbifreiðum.

Í athugasemdum við frv. til vegalaga, sbr. t. d. 7. tl. skýringa við 96. gr. frv., kemur fram, að ætlað er til, að tekjur af þessari skatthækkun verði til ráðstöfunar á yfirstandandi ári. Í sömu átt hníga ummæli samgöngumálaráðherra í framsöguræðu hans við 1. umr. vegalagafrv. á Alþingi og framsögumanns samgöngumálanefndar Ed. Alþingis, við 3. umr. vegalagafrv. í Ed.

Þessum skilningi var ekki mótmælt á Alþingi, og virðist ekki vafi á, að ágreiningslaust var um þetta atriði við meðferð vegalagafrv. á Alþingi.

Í framkvæmd hefur hins vegar verið talið, að þar sem skattár það, sem þungaskatturinn 1964 miðast við, er raunverulega undanfarandi ár, þ. e. 1963, gæti vafi á því leikið, hvort nægilega skýr heimild væri til að innheimta skattinn á þessu ári samkvæmt hinum nýju reglum.

Enda þótt ekki sé ljóst, eftir hvaða reglum þá ætti að fara, þar eð eldri heimild er nú úr gildi fallin með hinum nýju vegalögum, þykir rétt, að aflað sé óvefengjanlegrar heimildar til innheimtu skatts samkvæmt texta 87. gr. gildandi vegalaga árið 1964, og er frumvarpi þessu ætlað að tryggja það.

Í sambandi við þetta mál hefur, við nánari athugun, þótt rétt að breyta innheimtu þannig, að hún félli jafnan á viðkomandi skattár, í stað þess að skatturinn væri greiddur allur eftir á, eins og verið hefur og enn er lögfest, sbr. 91. gr. vegalaga.

Í frv. þessu er 91. gr. vegalaga orðuð þannig um, að skattár er það sama og það almanaksár, sem skattgreiðsla fellur á, og þannig mundi skattur sá, sem á þessu ári yrði greiddur, samkv. 87. gr. vegalaga, vera fyrir skattárið 1964, en hins vegar félli greiðsla niður fyrir 1963, og sá, sem þegar kann að hafa greitt þungaskatt fyrir skattárið 1963, á rétt á að fá honum skuldajafnað eða hann endurgreiddan, sbr. 2. gr. frv.

Fr. þessu er ætlað að tryggja sjóðum vegamálanna það fé, sem telja verður fullvíst, að Alþingi hafi gert ráð fyrir, að til ráðstöfunar yrði 1964, er vegalögin voru afgreidd, og auk þess að gera breytingu þá, er skýrð var hér að framan, á skattári og eindaga þungaskattsins.

Eru ekki gerðar aðrar efnislegar breytingar á vegalögum en sem varða þessi tvö atriði.